

BÍÓ

292 tbl. maí 2018

MYNDIR

mánaðarins



HANN KEMUR EKKI EINN

DEADPOOL 2

FRUMSÝND 16. MAÍ



 Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylytols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

 Borða  Drekka tyggja 

THE HANDMAID'S TALE



STÆRSTA ÞÁTTARÖÐ ÁRSINS SNÝR AFTUR

í Sjónvarp Símans Premium

Fyrstu tveir þættirnir í nýrri þáttaröð af The Handmaid's Tale eru komnir í Sjónvarp Símans Premium. Þættirnir hafa slegið áhorfsmet og unnið fjölda verðlauna í flokki dramaþátta. Þetta er ein umtalaðasta þáttaröð síðari tíma og sannkallað skylduáhorf.

Útgefið í maí

DVD og BluRay

3.05.	Three Billboards Outside Ebbing ...	Sena	Gamandrama	16 ára	10
3.05.	The Greatest Showman	Sena	Sannsgulegt	12 ára	12
3.05.	Den of Thieves	Myndform	Spennymynd	16 ára	13
10.05.	Molly's Game	Myndform	Sannsguleg	12 ára	19
17.05.	Maze Runner: The Death Cure	Sena	Ævintýri	12 ára	22
24.05.	Darkest Hour	Myndform	Sannsgulegt	9 ára	26
26.05.	12 Strong	Myndform	Sannsgulegt	16 ára	26

VOD

3.05.	Den of Thieves	Myndform	Spennymynd	16 ára	13
3.05.	Just Getting Started	Sena	Gamanmynd	12 ára	14
4.05.	Mustang	Myndform	Drama	12 ára	15
4.05.	Loving	S & V	Sannsgulegt	12 ára	15
4.05.	Brad's Status	Myndform	Gamandrama	Leyfð	16
4.05.	Skógargengið	Myndform	Barnaefni	Leyfð	16
7.05.	The Disaster Artist	S & V	Sannsgulegt	12 ára	17
9.05.	My Best Friend's Wedding	Sena	Gamanmynd	Leyfð	18
9.05.	Breakable You	Sena	Gamandrama	12 ára	18
10.05.	Molly's Game	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	19
11.05.	Johnny Frank Garrett's Last Word	Myndform	Spennymynd	16 ára	20
11.05.	Chappaquiddick	Myndform	Sannsgulegt	12 ára	20
11.05.	Níls Holgersson	Myndform	Barnaefni	Leyfð	21
17.05.	Svanaprinsessan	Sena	Barnaefni	Leyfð	21
17.05.	Cover Versions	Sena	Morðgáta	12 ára	23
18.05.	Stór og Smár	Myndform	Barnaefni	Leyfð	23
18.05.	American Wrestler: The Wizard	Myndform	Íþróttamynd	9 ára	24
18.05.	Mark Felt	Myndform	Sannsgulegt	Leyfð	24
18.05.	Oasis: Supersonic	Myndform	Heimildarmynd	12 ára	25
21.05.	The 15:17 to Paris	S & V	Sannsgulegt	12 ára	27
24.05.	Darkest Hour	Myndform	Sannsgulegt	9 ára	26
24.05.	Call Me By Your Name	Sena	Drama	12 ára	27
24.05.	Proud Mary	Sena	Spennymynd	16 ára	28
25.05.	20th Century Women	Myndform	Gamandrama	6 ára	28
25.05.	Heiða	Myndform	Barnaefni	Leyfð	29
25.05.	Maria by Callas	Myndform	Heimildarmynd	Leyfð	29
31.05.	Insidious: The Last Key	Sena	Hrollvekja	16 ára	31
31.05.	Novitiate	Myndform	Drama	12 ára	31

Tölvuleikir

25.05.	Dark Souls Remastered	Sena	Hlutverkaleikur	16+	34
25.05.	Detroit: Become Human	Sena	Ævintýraleikur	18+	35



MYNDIR MÁNAÐARINS

292. tbl. maí 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

Á DVD OG VOD Í MAÍ


GERARD BUTLER 50 CENT PABLO SCHREIBER JORDAN BRIDGES

DEN OF THIEVES


3. maí

MYNDFORM

ÍSLENDINGAR




HAFI ALLA TÍÐ




ICELAND 26 POINTS ROMA 1991

KUNNAÐ AÐ META



GÓÐ TVÍEYKI



- HÍÐ FULLKOMNA TVÍEYKI



þ papriku

Stjörnuþá mánaðarins



Vatnsberinn 20. jan. - 18. feb.

Það bendir allt til að þú breytist í svartan ullarsokk upp úr miðjum mánuðinum. Vertu klár þegar kall-ið kemur og mundu að svona gerist sem betur fer bara einu sinni.



Fiskarnir 19. feb. - 20. mars

Einkennileg en fyrirsjáanleg atburðarás verður til þess að þú ferð á bak við einn af steinum ofarlega í Bolafalli innan tíðar. Hafðu klínexið með og litla skóflu.



Hrúturinn 21. mars - 19. apríl

Ást og rómantik liggur í loftinu hjá hrútum í maí sem er alveg óskiljanlegt þegar haft er í huga hvað þeir eru leiðinlegir. Nei, bara grín, hrútar eru mjög skemmtilegir.



Nautið 20. apríl - 20. maí

Þú dettur í lukkupottinn 8. maí þegar þú kaupir þrjár berjatínur á verði tveggja. Nú er bara að bíða eftir berjunum. Íhugaðu að skrá þig á reiðistjörnunarnámskeið.



Tviburarnir 21. maí - 21. júní

Alvarleg atburðarás sem þú ræður ekkert við og hefur eitthvað að gera með drullupoll leiðir til þess að þú þarft að athuga þinn gang. Láttu ekki alltaf svona asnalega.



Krabbinn 22. júní - 22. júlí

Það bendir allt til að áður en maí er á enda losnir þú við eitt af hegðunarvandamálunum sem þú hefur glímt við undanfarin ár. Notaðu tækifærið til að æfa upp annað.



Ljónið 23. júlí - 22. ágúst

Þú vinnur ferð til Parísar fyrir tvo þann sextánda maí en týnir svo vinningnum og verður að sætta þig við að eyða sumarfríinu heima hjá þér. Lukkutan þín er mínus 5.



Meyjan 23. ágúst - 22. sept.

Þú finnur vinningsmiða með ferð fyrir tvo til Parísar þann sautjándma maí og getur byrjað að pakka strax. Góða ferð og mundu eftir að heilsa upp á Rafael og Mónu Dísu.



Vogin 23. sept. - 23. okt.

Samkvæmt stjörnunum verður fólk í vogarkerkinu mjög heppið í maí, sérstaklega í seinni hluta mánaðarins ef það er statt í Hvalfirði, nálægt Botnsá, í ringingu og sudda.



Sporðrekin 24. okt. - 21. nóv.

Hafragrautur er málið hjá sporðrekum í maí, helst með kanil og rúsínum. Vertu vakandi aðfaranótt mánudags því þá færðu gest sem þú hefur ekki viljað missa af.



Bogmaðurinn 22. nóv. - 21. des.

Það borgar sig ekki að vera með neitt múður eða ybba gogg þegar maður er staðinn að því að fleygja frá sér rusli á götuna. Taktu það bara upp aftur og skammastu þín.




Steingeitin 22. des. - 19. jan.

Sumarið er á næsta leiti og það þýðir auðvitað að steingeitur geta farið að hoppa og skoppa um fjöll og firnindi á næstu dögum. Hafðu með þér kókómjól og sleikipinna.

Minningar mánaðarins



Cheers, þótt það hefði vissulega haft mikla þýðingu fyrir hann, hafi líka á vissan hátt sett honum stólinn fyrir dynar því vegna þess hversu vinsæl persóna hans í þáttunum var áttu menn erfitt með að sjá hann leika einhvern annan. En Woody átti eins og allir vita eftir að sanna sig og er í dag einhver virtasti og vinsælasti leikari heims. Við hér á Myndum mánaðarins ætlum að spá því að næst þegar Woody Harrelson verður tilnefndur til Golden Globe- eða Óskarsverðlauna þá muni hann hljóta þau, sama hver samkeppnin verður. Munið þennan spádóm!



Tommy Lee Jones hóf leikferil sinn árið 1970 þegar hann lék herbergisfélagi Olivers (Ryan O'Neal) í hinni frægu mynd *Love Story* eftir Arthur Hiller. Hlutverkið gerði ekki mikið fyrir hann, enda smátt, og má segja að hann hafi strögglað næstu tíu árin, eða allt þar til hann sló í gegn í *Coal Miner's Daughter* árið 1980 og var m.a. tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir hlutverk sitt í henni. Síðan hefur hann haft nóg að gera eins og allir vita, margoft

verið tilnefndur til hinna ýmsu verðlauna, þar á meðal fjórum sinnum til Óskarsverðlauna sem hann hefur hampað einu sinni, árið 1994 fyrir hlutverk sitt í myndinni *The Fugitive*. Þetta vita sennilega flestir. Færri vita kannski að eitt af fyrstu hlutverkum Tommys var hvorki í sjónvarpi né kvikmynd heldur í myndbandinu við lag Billys Joel, *Piano Man*, árið 1973. Í því leikur Tommy Lee Jones eina af persónunum sem Billy syngur um, nánar tiltekið í þriðja erindi textans: „Now Paul is a real estate novelist, who never had time for a wife.“ Þessi Paul sem þarna er nefndur, er leikinn af Tommy Lee Jones. Kikið á myndbandið.



Alec Baldwin fagnaði sextugs-afmæli sínu á dögum, nánar tiltekið þann 3. apríl. Um leið eru 38 ár liðin frá því hann landaði sínu fyrsta leikhlutverki þegar hann var ráðinn til að leika lækninn Billy

Allison Aldrich í sjónvarpssápunni *The Doctors* sem gengið hafði vel allt frá árinu 1963. Hins vegar var farið að halla undan fæti þegar Alec hóf að leika í þáttunum og svo fór að ákveðið var að hætta framleiðslu þeirra árið 1983. Þetta var auðvitað á engan hátt Alec að kenna því þótt hann þætti svo sem enginn sérstakur leikari hafði hann útlitið með sér og varð upp úr þessu einn vinsælasti píparveinn Bandaríkjanna, aðeins 25 ára að aldri. Hann átti því ekki erfitt með að fá önnur hlutverk í sjónvarpi en það var ekki fyrr en sjö árum síðar sem hann lék í sinni fyrstu mynd. Árið 1988 hlýtur svo að vera uppáhaldsár Alecs því á því eina ári lék hann í fimm myndum sem allar urðu vinsælar og gerðu Alec að stórstjörnu í kvikmyndaheiminum. Þetta voru myndirnar *She's Having a Baby* eftir John Hughes, *Beetlejuice* eftir Tim Burton, *Working Girl* eftir Mike Nichols, *Married to the Mob* eftir Jonathan Demme og *Talk Radio* eftir Oliver Stone.



Við ljúkum þessum dálki hér að þessu sinni með því að fagna fimmtugsafmæli myndarinnar *The Odd Couple* eftir Gene Saks þar sem tveir af vinsælustu gamanleikurum heims á sínum tíma, þeir Jack Lemmon og Walter Matthau, fóru á kostum. Myndin var frumsýnd 16. maí árið 1968.



Stígandi unaður

Maltesers®, súkkulaði á léttan máta






Ég á mér enga uppáhaldsleikstjóra frekar en uppáhaldsliði eða uppáhaldsmat eða uppáhalds-eitthvað annað. Hins vegar eru til leikstjórar sem mér hefur ekki líkað við að vinna með ... en sennilega er það vegna þess að ég hef unnið með þeim bestu í bransanum og það hefur spilt mér.

- Meryl Streep.



Ég er algjörlega opinn fyrir því. Ef einhver sendir mér handrit og býður mér hlutverk sem ég hef áhuga á þá skiptir það mig engu máli hvaða flokki myndin tilheyrir. Ég vel ekki hlutverk eftir því.

- Leonardo DiCaprio, spurður hvort það sé ekki kominn tími fyrir hann að leika í rómantískri kómedíu.




Mín átrúnaðargoð eru Tom Hanks, Leonardo DiCaprio og Matt Damon. Ég er ekkert að líkja mér við þá en mig dreymir samt um að feta sömu brautir og þeir hafa gert.

- Dylan O'Brien.



Ef valið væri mitt þá tæki ég kvikmyndir fram yfir sjónvarp og leikhús fram yfir kvikmyndir.

- Sam Rockwell.



Í fyrsta lagi þá tími ég ekki tím-anum sem fer í þetta og í öðru lagi þá sé ég engan tilgang í því að láta alla vita stöðugt hvað ég sé að gera, hvert ég sé að fara og hvað ég er að hugsa.

- Rebecca Ferguson, sem er hvergi sýnileg á samfélagsmiðlum.



Ég verð að taka mér frí á milli verkefna. Ég hef aldrei getað hoppað úr einu verkefni í annað án smátíma fyrir sjálf mig og fjölskylduna inn á milli.

- Frances McDormand.



Hlutverk sem eru algjör andstæða við það sem ég er. Ef einhver býði mér hlutverk t.d. dýfingakonu myndi ég ekki hugsa mig tvisvar um því ég er bæði lofthrædd og svo til ósýnd.

- Jessica Chastain, um draumahlutverkin.




Ég minnst satt að segja engra hlutverka sem ég harma eða finnst leitt að hafa ekki fengið. Hins vegar á ég minningar um hlutverk sem ég fékk ekki og varð síðan feginn að hafa sloppið við.

- Gary Oldman.



Ég er stolt af mörgu á mínum ferli. Einna stoltust er ég af myndinni *An Unforgettable Summer* sem enginn sem þetta les hefur séð.

- Kristin Scott Thomas.



Ég veit þetta hljómar yfirborðskennt og sjálfsefnt en ein versta reynsla sem ég hef orðið fyrir var að týna gallajakkanum sem mamma gaf mér. Ég verð miður mín út af því það sem eftir er.

- Lily James.



Nafnið er franskt og rétt fram borið er það „Timo-tei“. En mér er alveg sama þótt fólk beri það fram „Timo-þí“. Fólk má líka kalla mig Tim eða Timmy og sumir kalla mig Tímó. Ég samþykki þetta allt.

- Timothée Chalamet.



Uppáhaldstími minn eru sunnudagsmorgnar þegar við í fjölskyldunni böfum pönnukökur og spjöllum um lífið og tilveruna. Þannig hefur það alltaf verið hjá okkur og ég vona sannarlega að við getum haldið áfram í þessa hefð lengi enn.

- Hugh Jackman.



Ég hóf atvinnumannsferilinn sem leikari fimmtán ára gamall árið 1989 og þekki ekki neitt annað en að hafa þurft að berjast fyrir hverju einasta verkefni sem ég heffengið. Þú mátt kalla mig sérfræðing í ströggli því ég er það.

- Walter Goggins.



Ég hef alltaf elskað að vera í vatni allt frá því ég var barn. Mig dreymdi meira að segja um að geta andað eðlilega í vatni. Þannig að þetta var sannkallað draumahlutverk.

- Sally Hawkins, um hlutverk sitt í *The Shape of Water*.



Ég var alltaf harðákveðinn í að verða leikari. Ég vildi t.d. alls ekki fá spangir en þegar mamma sagði mér að ég gæti ekki orðið leikari nema ef ég fengi mér spangir þá fékk ég mér spangir.

- James Franco.



Þetta er ekki mynd um pólitík. Þetta er mynd um grasrótna, fólkíð sem axlaði byrðarnar fyrst.

- Ruth Negga, um myndina *Loving*.

FYRIR ÖLL ÆVINTÝRI SUMARSINS


Egils

LÍMONAÐI



ÍSLENSKUR SUMARDRYKKUR





Three Billboards Outside Ebbing, Missouri

Svört kómedía / Glæpasaga



Aðalhlutverk: Frances McDormand, Woody Harrelson, Sam Rockwell, Abbie Cornish, John Hawkes, Peter Dinklage og Lucas Hedges
Leikstjórn: Martin McDonagh **Útgefandi:** Sena

3. maí



Lögrelustjóranum í Ebbing (Woody Harrelson) er ekki skemmt yfir athyglinni sem Mildred vekur með aðgerðum sínum til að þrýsta á hann og menn hans. Eða býr kannski eitthvað annað að baki?

Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér til hægri hlaut Frances McDormand Óskarsverðlaunin í ár fyrir hlutverk sitt í myndinni og var það hennar fimmta tilnefning til þessara eftirsóttu verðlauna. En fyrir leik í hvaða mynd hlaut hún einnig Óskarinn árið 1997?



©2017

Sorg, morð og þrjú skilti

Sjö mánuðum eftir að dóttir Mildred Hayes var myrt þrýtur hana þolinmæðina og grípur til sinna ráða til að fá lögrelustjóran Bill Willoughby og menn hans í smábænum Ebbing í Missouri til að rannsaka málið og finna morðingjann. Tekst það eða býr eitthvað meira að baki afskiptaleyssi Willoughbys?

Three Billboards Outside Ebbing, Missouri er eftir írski leikstjóran Martin McDonagh sem á að baki tvær aðrar frábærar bíómyndir, *In Bruges* sem hann sendi frá sér árið 2008 og *Seven Psychopaths* sem var frumsýnd 2012. *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri* er að grunni til morðgáta og glæpasaga en um leið kolsvört kómedía rétt eins og fyrri myndir Martins, en hann skrifar einnig handritið. Þess utan þykir myndin afar vel leikin, ekki síst af Frances McDormand sem hér túlkar af sínu alkunna öryggi eina af eftirminnilegustu bíómyndapersónum ársins 2017. Mynd sem enginn ætti að missa af.



Frances McDormand leikur aðalpersónuna Mildred sem grípur til óvenjulegra ráða þegar sjö mánuðir eru liðnir frá því að dóttir hennar var myrt og lögrelunni hefur lítið sem ekkert miðað í rannsókninni.

Punktur

★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *ReelViews*
 ★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *RogerEbert.com*
 ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Guardian*
 ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter* ★★★★★1/2 - *New York Post*
 ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *Time Out*

• Fyrir utan að hljóta frábæra dóma gagnrýnenda hefur *Three Billboards* ... hlotið óteljandi verðlaun og viðurkenningar, þar á meðal BAFTA- og Golden Globe-verðlaunin sem besta mynd ársins og Óskarsverðlaunin fyrir leik Frances McDormand og Sams Rockwell.

• Bærinn þar sem sagan í myndinni gerist og er kallaður Ebbing er í raun smábærinn Sylva í Norður-Karólínuríki. Margir af bakgrunnsleikurunum sem bregður fyrir í myndinni eru í raun íbúar Sylva.



Þau Sam Rockwell og Frances McDormand hlutu öll þrenn stóru verðlaunin fyrir leik sinn, þ.e. BAFTA-, Golden Globe- og Óskarsverðlaunin.

MMMMMMM

KiMs

Þú verður bara að smakka





The Greatest Showman

Sannsögulegt / Tónlist



Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Michelle Williams, Zac Efron, Rebecca Ferguson, Zendaya, Paul Sparks, Sam Humphrey og Keala Settle
Leikstjórn: Michael Gracey **Útgefandi:** Sena


3. maí



P.T. Barnum setti upp margar magnaðar sýningar sem slógu í gegn.

Veistu svarið?

Flestir leikarar myndarinnar hafa langa reynslu af dansi og söng, þar á meðal Zac Efron sem sló einmitt upphaflega í gegn í þekktri dans- og söngleikjaseríu. Hvað heitir hún?



High School Musical

Ekkert er ómögulegt

The Greatest Showman sækir innblásturinn í líf hins stórmerka frumkvöðuls, heimspekings og gleðigjafa P.T. Barnum, en hann stofnaði m.a. fjölleikahús sem naut mikilla vinsælda á austurströnd Bandaríkjanna og víðar um miðbik 19. aldar.

Það er Hugh Jackman sem leikur P.T. Barnum í þessari fjöruðu og litríku mynd leikstjórans Michaels Gracey sem í anda sögunnar sem hún segir inniheldur mörg töfrandi sýningaratriði, dansa og söngva, en aðalhöfundar laga og texta eru Golden Globe- og Óskarsverðlaunahafarnir Benj Pasek og Justin Paul sem sömdu m.a. lögin og textana í hinni margverðlaunuðu mynd *La La Land*.

Á meðal helstu meðleikara Hughs eru þau Michelle Williams sem leikur eiginkonu hans, Charity, Rebecca Ferguson sem leikur Jenny Lind, en hana gerði Barnum að einni þekktustu og vinsælustu söngkonu Bandaríkjanna á sínum tíma, Zac Efron og hin hæfileikaríka Zendaya. Handritið er hins vegar skrifað af Óskarsverðlaunahafanum Bill Condon eftir sögu Jennyar Bicks.

The Greatest Showman er mikil og góð skemmtun fyrir augu og eyru.



Hugh Jackman leikur hugsjónamanninn og frumkvöðulinn P.T. Barnum og Michelle Williams leikur eiginkonu hans, Charity.


Punktar

★★★★★ - *Tampa Bay Times* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com*
 ★★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Entertainm. Weekly*
 ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★1/2 - *IndieWire*

• Það er óhætt að segja um P.T. Barnum (1810–1891) að hann hafi verið langt á undan sinni samtíð, en fyrir utan að setja upp ótal sýningar var hann líka rithöfundur og stjórnmálamaður sem lét mikið til sín taka, ekki síst í þágu samfélagsins. Við viljum hvetja áhugasama að kynna sér líf hans og störf nánar á netinu.



Zac Efron leikur Phillip Carlyle, helsta aðstoðarmann P.T. Barnum.



Den of Thieves

Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Gerard Butler, Jordan Bridges, Pablo Schreiber, O'Shea Jackson Jr., 50 Cent, Evan Jones, Eric Braeden, Brian Van Holt, Maurice Compte og Cooper Andrews **Leikstjórn:** Christian Gudegast
Útgefandi: Myndform


3. maí



Fjórir af bankaræningjunum eru leiknir af þeim Pablo Schreiber, 50 Cent, Evan Jones og O'Shea Jackson Jr.

Veistu svarið?

O'Shea Jackson Jr. lék í sinni fyrstu mynd, *Straight Outta Compton*, árið 2014 og þótti standa sig með afbrigðum vel en í myndinni lék hann föður sinn sem er frægur tónlistarmaður og rappari og allir þekkja. Hvert er gælunafn hans, þ.e. föðursins?



lee Cube

Snjallir á móti snjöllum

Eftir að hópur eitursnjallra og óttalausra bankaræningja fremur nokkur djörf rán í Los Angeles er sérsveitarmaðurinn Nick Flanagan kallaður til leiks ásamt mönnum sínum en Nick hefur sérhæft sig í að uppræta slík glæpa- og rámsgengi. Í þetta sinn gæti hann hins vegar verið að mæta ofjörlum sínum.

Kvikmyndin *Den of Thieves* er fyrsta mynd Christians Gudegast sem leikstjóra en hann skrifaði m.a. handrit myndanna *A Man Apart* og *London Has Fallen* og skrifar líka bæði söguna og handritið að *Den of Thieves*. Hér er um hörkuhasar að ræða sem komið hefur aðdáendum slíkra mynda verulega á óvart, enda inniheldur hún einnig afar góðar og óvæntar fléttur í bland við hasarinn.

Eftir að Nick og hans menn blanda sér í málin skipuleggja ræningjarnir innbrot í alríkisbankann í Los Angeles þar sem milljarðar dollara eru geymdir í beinhörðum peningum, en inn í hirslur hans á ekki að vera nokkur leið að brjótast. En þetta eru engir venjulegir bankaræningjar og spurningin er hvort Nick takist að sjá við þeim ...



Gerard Butler leikur glæpagengjasérfræðinginn Nick Flanagan sem áttar sig fljótlega á því að í þetta sinn á hann í höggi við snjöllustu bankaræningja landsins. En Nick er heldur enginn aukvisi sjálfur.

Punktur

★★★★ - *Wrap* ★★★★★/2 - *ReelViews* ★★★★★/2 - *L.A. Times*
★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *N.Y. Times*

• Þótt söguvið myndarinnar sé Los Angeles var hún að öllu leyti tekin upp í borginni Atlanta í Georgíuríki.

• Sá sem leikur Ziggy Zerhusen í myndinni, Eric Braeden, er faðir leikstjórans og handritshöfundarins Christians Gudegast.





Vinir í laumi

Duke Diver er aðalmaðurinn á heldrimannaheimili og er langbestur í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur. Það sem vistmenn vita ekki er að hann er í raun fyrrverandi lögmaður sem hefur verið dæmdur til dauða af mafiunni!

Just Getting Started er lauflett gamanmynd með þeim Morgan Freeman, Tommy Lee Jones og Rene Russo í aðalhlutverkum en einnig koma við sögu nokkrir aðrir leikarar ef eldri skólanum eins og Joe Pantoliano, Jane Seymour, Johnny Mathis (sem leikur sjálfan sig), George Wallace, Elizabeth Ashley, Glenne Headly og fleiri þekkt andlit sem a.m.k. eldri kvikmyndaunnendur kannast áreiðanlega vel við.

Dag einn mætir á heldrimannaheimilið gamall andstæðingur Dukes í réttarsölunum, FBI-lögreglumaðurinn fyrrverandi Leo, sem á honum grátt að gjalda síðan í gamla daga. En þegar í ljós kemur að mafían er búin að uppgötva hvar Duke hefur falið sig neyðast þeir félagar til að snúa bókum saman í vörninni ...

Punktur

- Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, Ron Shelton, á m.a. að baki myndirnar *Bull Durham*, *White Men Can't Jump*, *Cobb*, *Tin Cup* og *Hollywood Homicide*, en *Just Getting Started* er fyrsta bíómynd hans í fimmtán ár.

- *Just Getting Started* varð síðasta mynd Glenne Headly sem lést í júní á síðasta ári.

- Þetta er í fyrsta sinn sem Morgan Freeman og Tommy Lee Jones leika saman í bíómynd.



Morgan Freeman leikur Duke Diver og Tommy Lee Jones leikur lögreglumanninn fyrrverandi, Leo.



Aðalhlutv.: Morgan Freeman, Tommy Lee Jones og Rene Russo **Leikstjórn:** Ron Shelton **Útgefandi:** Sena

Gamanmynd

3. maí



Ansel Elgort var í New York 21. apríl til að vera viðstaddur frumsýningu á nýjustu mynd sinni, *Jonathan*, og lét sig ekki muna um að stilla sér upp með nokkrum aðdáendum í leiðinni.



Á sama tíma var Jennifer Garner stödd í ónefndum almenningsgarði í Los Angeles. Því miður fylgdi ekki sögunni hvað hún var að gera og því síður hvað hún vildi með allt þetta dót.



Ed Sheeran var hins vegar staddur á Englandi 21. apríl, nánar tiltekið í Ipswich þar sem hann horfði ásamt unnustunni á Birki Bjarnason og félagi í Aston Villa valta yfir liðið sitt, 0-4.

Pegar hjartað segir nei

Franska myndin *Mustang* er margföld verðlaunamynd sem var tilnefnd til níu César-verðlauna og hlaut fern, fyrir klippingu, tónlist, handrit og sem besta frumraun ársins auk þess að vera m.a. tilnefnd til bæði BAFTA-, Golden Globe- og Óskarsverðlauna sem besta erlenda mynd ársins 2015.

Mustang er eftir tyrknesk-frönsku leikstýruna Deniz Gamze Ergüven og gerist í tiltölulega litlu bæjarfélagi í Norðvestur-Tyrklandi. Við kynnumst hér fimm ungum systurum og munaðarleysingjum sem búa hjá ömmu sinni og föðurbróður og eiga sér eins og allt fólk á þeirra aldri draum um framtíðina og ástina. Dag einn verður tiltölulega saklaust atvik til þess að amma þeirra og föðurbróðir ákveða að tími sé til kominn að taka þær úr skóla og finna handa þeim eiginmenn. Við þá ákvörðun eru systurnar síður en svo sáttar og ákveða að grípa til sinna ráða ...

Punktur
 ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Washington Post*
 ★★★★★1/2 - *E.W.* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*

- Heiti myndarinnar hefur lítið með enska þýðingu orðsins *mustang* að gera heldur er hér vísað í spænska orðið *mesteño* sem vísar að hluta til í villt eða frjálst dýr.

- Handritið að myndinni skrifaði leikstjórinn Deniz Gamze Ergüven sjálf í samvinnu við Alice Winocour. Hermt er að frá því að vinna hófst við gerð myndarinnar hafi liðið níu ár þar til hún var loksins kvikmynduð, aðallega vegna erfiðleika við fjármögnun hennar.



Fjórar ef þeim fimm sem leika systurnar eru hér í sínu fyrsta hlutverki og þykja allar standa sig með mikilli þrýði.



Aðalhl.: Günes Sensoy, Doga Zeynep Doguslu og Tugba Sunguroglu **Leikstj.:** Deniz G. Ergüven **Útg.:** Myndform

Drama

4. maí

Pau brutu ísinn

Frábær mynd eftir verðlaunaleikstjórann Jeff Nichols sem gerði m.a. gæðamyndirnar *Mud*, *Take Shelter* og *Midnight Special*. Þetta er hin sanna saga af því hvernig ást tveggja einstaklinga felldi úr gildi lög Virginíufylkis árið 1967 sem sögðu að blandað hjónaband hvítra og svartra væri ólöglegt.

Lögin um að hjónaband fólks af ólíkum kynþætti væri ólöglegt voru enn í gildi í fimmtán ríkjum Bandaríkjanna árið 1958 þegar Richard Loving bað Mildred Jeter að giftast sér. Hún sagði já, en vegna laganna í Virginíu ákváðu þau að fara til Washington þar sem lögin höfðu verið numin úr gildi. Eftir að þau sneru aftur til Virginíu sem hjón leið hins vegar ekki á löngu uns þau voru handtekin og dæmd til ársvistar í fangelsi. Þar með var hafin barátta sem átti eftir að standa í níu ár ...

Punktur
 ★★★★★ - *Washington Post* ★★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *L.A. Times*
 ★★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *Empire*

- Pau Joel Edgerton og Ruth Negga voru bæði tilnefnd til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í *Loving* og Ruth var einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hann. Þess utan hafa þau hlotið óteljandi verðlaun á hinum ýmsu kvikmyndahátíðum heimsins auk þess sem myndin hefur hlotið mörg verðlaun fyrir aðra þætti hennar, t.d. leikstjórn og handrit.

- Handrit myndarinnar var að stórum hluta byggt á heimildarmyndinni *The Loving Story* eftir Nancy Buirski sem kom út 2011.




Ruth Negga og Joel Edgerton leika Mildred og Richard Loving sem háðu harða baráttu við Virginíuríki fyrir löggildingu hjónabands síns á sjöunda áratug síðustu aldar.



Aðalhl.: Joel Edgerton, Ruth Negga, Marton Csokas og Michael Shannon **Leikstjórn:** Jeff Nichols **Útg.:** Síminn og Vodafone

Sannsögulegt

4. maí



Ekki leita langt yfir skammt

Þótt Brad Sloan lifi í sjálfu sér ágætu millistéttarlífi hugsar hann oft til þess hvað hefði getað orðið úr honum ef hann hefði fetað í sömu spor og fjórir af æskuvinum hans sem hefur öllum tekist að verða ríkir. Þegar sonur hans, Troy, segir honum að hann ætli í Harvard-háskóla fær Brad þá hugmynd að kannski geti hann bætt fyrir metnaðarleysi sitt á árum áður í gegnum hann.

Brad's Status er stórskemmtileg mynd eftir Mike White sem er einna þekktastur fyrir handrit mynda eins og *Orange County*, *The Good Girl*, *Beatriz at Dinner* og *School of Rock*. Hér leikur hann sér með hugmynd sem flestir foreldrar kannast við, þ.e. að reyna að nota eigin reynslu til að forða börnum sínum frá því að gera sömu mistök og þeir gerðu sjálfir. En kannski eru það bara ein mistökin enn ...

Punktur
 ★★★★★ - *S.F. Chronicle* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★1/2 - *Variety*
 ★★★★★1/2 - *Screen* ★★★★★1/2 - *R.Ebert.com* ★★★★★ - *Guardian*

• Fyrir utan þau fjögur sem nefnd eru hér í kreditlistanum til vinstri leika þau Luke Wilson, Shazi Raja, Jemaine Clement, Felicia Shulman og leikstjórinn Mike White sjálfur veigamikil aukahlutverk í myndinni.

• Mike White skrifaði handritið að myndinni og sagði í viðtali að persóna Brads væri að hluta til byggð á hans eigin föður.

• Sá sem leikur Xavier, Xavier Grobet, er einnig kvikmynda-tökustjóri myndarinnar.




Austin Abrams og Ben Stiller sem feðgarnir Troy og Brad Sloan í þessari skemmtilegu mynd.

Aðalhl.: Ben Stiller, Austin Abrams, Jenna Fischer og Michael Sheen **Leikstj.:** Mike White **Útg.:** Myndform

Gamandrama

4. maí



Vantar þig aðstoð? Kallaðu þá á Skógargengið!

Teiknimyndapættirnir skemmtilegu um Skógargengið hafa náð miklum vinsældum og hafa verið sýndir á um 180 sjónvarpsstöðvum um allan heim.

Tölvuteiknimyndirnar um Skógargengið eru eftir þá Jean-François Tosti, David Alaux og Eric Tosti og segja frá nokkrum undarlegum dýrum sem búa í skóginum og hafa tekið upp þá iðju að bjarga öðrum úr hættu.

Fremstur á meðal jafningja er Marri mörgæs sem öllu jöfnu ætti ekki að hafast við í frumskóginum en þar sem hann hefur alltaf staðið í þeirri trú að hann sé tígrisdýr þá kemur hitt af sjálfu sér. Hér er að finna átta nýja þætti um gengið sem eru að sjálfsögðu hver öðrum skemmtilegri.



Teiknimyndir með íslensku tali um Skógargengið kraftmikla sem bjargar öllu **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

4. maí



The Disaster Artist

Sannsgulegt



Aðalhlutverk: James Franco, Dave Franco, Seth Rogen, Alison Brie, Josh Hutcherson, Zac Efron, Sharon Stone, Megan Mullally og Zoey Deutch **Leikstjórn:** James Franco **Útgefandi:** Síminn og Vodafone

7. maí



Frá upptökum á *The Room*, en þarna eru m.a. Seth Rogen í hlutverki handritsráðgjafans Sandys og Dave Franco í hlutverki Gregs Sestero.

Veistu svarið?

James Franco hefur um árabil haft það orð á sér að vera vinnufíkill enda er hann alltaf með fjölmörg verkefni í gangi, bæði sem leikari, leikstjóri og handritshöfundur. En í hvaða frægu sjónvarpsþáttum sló hann upphaflega í gegn árið 1999?



Freaks and Geeks

Svo vond að hún varð góð

Kvikmyndin *The Room* sem Tommy Wiseau stóð að og lék aðalhlutverkið í árið 2003 varð fljótlega eftir frumsýningu fræg fyrir að vera svo slæm og illa leikin að hún fór allan hringinn og er nú af mörgum talin ein fyndnasta mynd allra tíma – þótt Tommy hefði síður en svo ætlað sér að gera gamanmynd.

The Disaster Artist er um gerð þessarar myndar og er leikstýrt af James Franco sem jafnframt leikur Tommy Wiseau og þykir gera það af stakri snilld, en Tommy var og er afar sérstakur maður á allan hátt, bæði í orði og æði, svo ekki sé sterkar til orða tekið. Handritið er eftir félagana Scott Neustadter og Michael H. Weber (*500 Days of Summer*, *The Spectacular Now*, *The Fault in our Stars*, *Paper Towns*) og er byggt á bókinni *The Disaster Artist: My Life Inside The Room, the Greatest Bad Movie Ever Made* eftir Greg Sestero sem var (og er sennilega enn) einn besti og nánasti vinur Tommys Wiseau og lék stórt hlutverk í mynd hans, hlutverk Marks (Oh, hi Mark).

The Disaster Artist er frábær mynd sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga, var t.d. tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir handritið og James Franco hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir besta leik í aðalhlutverki karla. Ein af þessum myndum sem allir hafa gaman af.



James Franco leikstýrir myndinni og leikur aðalhlutverkið, hinn sérstaka Tommy Wiseau, sem er hér að leika í einu frægasta atriði myndarinnar *The Room*, en atriðið er svo fáránlegt og illa leikið að það verður óvart að einu fyndnasta atriði kvikmyndasögunnar.

Punktur

★★★★★ - *S.F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *Hollywood Reporter*
★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★1/2 - *Entertm. Weekly*
★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Guardian*

• Fjölmargir kunnir leikarar koma fram sem þeir sjálfir í *The Disaster Artist*, þar á meðal þau Kristen Bell, Lizzy Caplan, Bryan Cranston, Adam Scott, Kate Upton, Zach Braff og Bob Odenkirk ásamt leikstjórunum JJ. Abrams og Judd Apatow. Rúsinurnar í pylsuendanum eru svo Tommy Wiseau sjálfur, sem leikur karakter að nafni Henry, og Greg Sestero sem leikur ónefndan ráðningastjóra.



Bræðurnir James og David Franco ásamt mönnum sem þeir leika í myndinni, Tommy Wiseau og Greg Sestero.



Ekki er ráð nema í tíma sé tekið

Þann níunda maí kemur á sjónvarpsleigurnar kínverska gamanmyndin *My Best Friend's Wedding* sem eins og nafnið bendir til er byggð á samnefndri mynd P.J. Hogans frá árinu 1997 með þeim Juliu Roberts, Dermot Mulroney, Cameron Diaz og Rupert Everett í aðalhlutverkum, en hún varð mjög vinsæl.

Gu Jia er ritstjóri tiskutímarits sem vegna starfa sinna og metnaðar hefur engan tíma gefið sér til að festa ráð sitt með æskuvini sínum, Lin Ran, sem hún þó hefur elskað alla tíð. Þegar hún sér til undrunar fær boð í brúðkaup Lins og unnustu hans áttar Gu sig á því að hún hefur beðið of lengi og neyðist til að setta sig við að eini maðurinn sem hún hefur nokkurn tíma elskað sé genginn henni úr greipum. Á leiðinni í brúðkaupið hittir hún hins vegar mann sem fær hana til að hugsa sig um og kannski getur hún með aðstoð hans enn snúið taflinu sér í vil ...



Þegar Gu Jia fréttir af því að æskuvinur hennar sé að fara að kvænast annarri konu veit hún vart sitt rjúkandi ráð því í raun vildi hún giftast honum sjálf.



Aðalhl.: Qi Shu, William Feng, Victoria Song og Rhydian Vaughan **Leikstj.:** Feihong Chen **Útg.:** Sena

Gaman / Rómantik

9. maí


Allar fjölskyldur eiga sér sögu

Sálfræðingurinn Eleanor Weller er ósátt við skilnað sinn og eiginmannsins, rithöfundarins Adams Weller sem sjálfur glímir við alvarlega krísu í sínu lífi. En þegar Eleanor og bróðir Adams, Paul, byrja saman versnar í því fyrir alla.

Breakable You er gerð eftir samnefndri skáldsögu Brians Morton sem kom út árið 2006. Þetta er gamandrama með rómantísku ívafi svo langt sem það nær því vandræðalegri verður rómantíkin varla en í þessu tilfalli. Inn í málin blandast dóttir þeirra Eleanor og Adams, Maud, en hún er í heimspekinámi og er að skrifa ritgerð um atferli manna, sér í lagi það sem ekki þykir siðlegt. Sjálf er hún ekki nein fyrirmynd í þeim efnum. Þegar síðan Adam fær tækifæri til að eigna sér verk látins vinar og grípur það sjálfum sér til frægðar og framdráttar er botninum náð innan þessarar litlu fjölskyldu og eitthvað verður undan að láta ...




Holly Hunter og Tony Shalhoub leika hjónin fyrrverandi Eleanor og Adam Weller.



Aðalhl.: Holly Hunter, Tony Shalhoub, Alfred Molina og Cristin Milioti **Leikstj.:** Andrew Wagner **Útgef.:** Sena

Gamandrama

9. maí



Molly's Game

Sannsgöglegt



Aðalhlutverk: Jessica Chastain, Idris Elba, Kevin Costner, Michael Cera, Jeremy Strong, Chris O'Dowd, J.C. MacKenzie, Brian d'Arcy James og Graham Greene **Leikstjórn:** Aaron Sorkin **Útgefandi:** Myndform

10. maí



Á meðal margra þekktra viðskiptavina Mollyar voru leikarar eins og Tobey Maguire, Leonardo DiCaprio, Ben Affleck og Macaulay Culkin.

Veistu svarið?

Þeir sem kunnur að meta verðlauna- og gæðamyndirnar *The Social Network*, *Moneyball* og *Steve Jobs* munu örugglega líka kunna að meta *Molly's Game*. En hverjir leikstýrðu þessum þremur fyrstnefndu myndum eftir handritum Aarons Sorkin?



David Fincher, Bennett Miller og Danny Boyle.

Ekki sýna á spilin

Sannsgögleg mynd um skíðadrottninguna fyrrverandi Molly Bloom sem eftir að hafa starfað við rekstur ólöglegs pókerklúbbs í Los Angeles ákvað að stofna sitt eigið spilavíti þar sem gríðarlegar upphæðir voru í húfi og spennan var mikil.

Molly's Game er fyrsta myndin sem Óskarsverðlaunahafinn Aaron Sorkin leikstýrir sjálfur en hann á að baki nokkur af bestu handritum kvikmyndasögunnar, svo sem *A Few Good Men*, *The Social Network*, *Moneyball* og *Steve Jobs*. Aaron skrifar handritið að *Molly's Game* að sjálfsögðu sjálfur en það er byggt á samnefndri bók Mollyar Bloom sem kom út árið 2014 og olli talsverðum titringi á meðal hinna ríku og frægu sem sótt höfðu spilavíti hennar ...



Sagan í myndinni spannar ein ellefu ár, frá 2003 til 2014, eða allt frá því að Molly neyddist til að leggja skíðin á hilluna vegna meiðsla og þar til hún var dæmd fyrir hinn ólöglega rekstur spilavíta sinna.

Punktur


★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *Entert. Weekly*
 ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times* ★★★★★1/2 - *ReelViews*
 ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★ - *The Hollywood Reporter*
 ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *CineVue*

• Jessica Chastain hefur hlotið fjölmörg verðlaun og viðurkenningar fyrir frábæran leik sinn í titilhlutverki myndarinnar og var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir hann, svo og handrit Aarons Sorkin, en það var einnig tilnefnt til bæði bresku BAFTA-verðlaunanna og til Óskarsverðlaunanna sem besta handrit ársins.

• Allir aukaleikarar í atriðunum þar sem póker er spilaður eru í raun atvinnumenn í póker. Þannig vildi leikstjórnin Aaron Sorkin gera þau atriði sem trúverðugust því atvinnupókerspilarar höndla spilin á allt annan hátt en venjulegir leikmenn myndu gera.



Idris Elba leikur lögfræðinginn Charlie Jaffey sem tók að sér málsvörn Mollyar en myndin gerist að hluta til í réttarsölum í New York þar sem ýmislegt mjög óvænt varðandi rekstur Mollyar kom upp úr dúrnum.



VOD 16 95 min

Aðalhl.: Sean Patrick Flanery, Erin Cummings og Mike Doyle **Leikstjórn:** Simon Rumley **Útgef.:** Myndform

Hrollur / Glæpasaga

11. maí

Auga fyrir auga, dómur fyrir dóm

Þessi mynd er að hluta til byggð á sönnum atburðum sem gerðust eftir að nunna að nafni Tadea Benz var myrt á hrottalegan hátt árið 1981 í bænum Amarillo í Texas. Mikill mógæsingur myndaðist eftir morðið og svo fór að ungur maður var dæmdur til dauða fyrir það þótt sekt hans væri ekki sönnuð.

Tíu ár liðu frá því að Johnny Frank Garrett var dæmdur til dauða þar til dauðadóminum var framfylgt. Allan þann tíma reyndi Johnny að fá dóminum hnekk en allt kom fyrir ekki og svo fór að lokum að hann var tekinn af lífi með eitursprautu. Hans síðustu orð voru að lýsa yfir sakleysi sínu og að hann myndi snúa aftur og hefna sín á þeim sem sakfelldu hann. Og það stóð heima að skömmu eftir aftökuna byrjuðu kviðdómendur og fleiri sem tengdust málinu að týna tölunni einn af öðrum, oft á hinn furðulegasta hátt og við hinar furðulegustu aðstæður ...

Þess má geta að heimildarmyndin *The Last Word* eftir Jesse Quackenbush sem var frumsýnd 2008 fjallar um þetta sama mál og um það má lesa nánar á netinu.



Eftir að hinn 18 ára gamli Johnny Frank Garrett er dæmdur til dauða fyrir morð sem hann framdi ekki heitir hann því að hefna sín grimmilega á þeim sem sakfelldu hann.



VOD 12 106 min

Aðalhlutv.: Jason Clarke, Ed Helms, Jim Gaffigan, Kate Mara og Bruce Dern **Leikstjórn:** John Curran **Útgefandi:** Myndform

Sannsgöglegt

11. maí

Hvað gerðist þessa nótt?

Skömmu eftir miðnætti, aðfaranótt 19. júlí árið 1969, ók þingmaður Massachusetts og verðandi forsetaframbjóðandi demókrata, Edward Kennedy, fram af einbreiðri brú á Chappaquiddick-eyju með þeim afleiðingum að ung kona sem var farþegi í bílnum, Mary Jo Kopechne, lét lífið. Sjálfur komst Edward út úr bílnum en stakk af og lét ekki vita af slysinu næstu tíu tímuna.

Chappaquiddick-slysið hefur frá upphafi verið sveipað leyndarhjúp og þeir eru margir sem telja að í raun hafi aldrei verið sýnt fram á hvað gerðist í raun og veru. Edward neitaði ætíð að hafa verið undir áhrifum eða hafa átt í „ósiðlegu“ sambandi við Mary (hann var kvæntur) en gat aldrei útskýrt af hverju hann stakk af í stað þess að hringja á lögreglu. Í þessari toppmynd er farið í saumana á þessu máli ...


Punktur
 ★★★★★1/2 - IndieWire ★★★★★1/2 - Chicago Sun-Times ★★★★★ - E. Weekly
 ★★★★★ - The New York Times ★★★★★ - Variety ★★★★★ - The Guardian

• Í myndinni, sem er byggð bæði á málsskjölum og fjölda heimilda, er einnig skyggst á bak við tjöldin í lífi Edwards og Kennedy-fjölskyldunnar bæði fyrir og eftir slysið, en þessi atburður gerði út af við allar áætlanir um að hann yrði forsetaframbjóðandi demókrata eins og bræður hans, John og Robert, höfðu verið.

• Málið vakti að vonum heimsathygli á sínum tíma og þá ekki síður rannsóknin á því en þeir voru og eru enn margir sem telja niðurstöðuna hafa verið falsaða.



Jason Clarke leikur Edward Kennedy og bykir sérlega trúverðugur í hlutverkinu.



VOD L 90 min

Teiknimyndir með íslensku tali um Nils Holgersson og fjölbreytt ævintýri hans **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

11. maí

Komdu með í ævintýraferð

Nils Holgersson er latur strákur og hrekkjóttur og vondur við dýrin á bænum. Þegar dvergálfur leggur á hann álög svo hann breytist í lítinn álf sjálfur þarf hann að endurmeta viðhorf sín og læra að breyta hegðun sinni.

Þessi útgáfa inniheldur sögur af ævintýrum Nils Holgerssonar þar sem hann ferðast heilt sumar á baki gæsa og kynnist mörgum nýjum svæðum og dýrunum sem þar búa. Sum eru góð en sum geta verið hættuleg og það á eftir að reyna verulega á Nils í samskiptum við þau. Hér er um að ræða þriðju seríu útgáfunnar sem inniheldur sjö sjálfstæða og fjöruða þætti.

Punktur

• Sænska skáldkonan Selma Otilia Lovisa Lagerlöf (1858–1940) gaf bókina um Nils Holgersson (*Nils Holgerssons underbara resa genom Sverige*) út árið 1904, en hún var upphaflega skrifuð að beiðni sænska kennarasambandsins til að nota við landafræðikennslu barna. Bókin varð þó fljótt vinsæl á meðal almennings og var á næstu árum og áratugum þýdd á fjölda



tungumála, þar á meðal á íslensku árið 1946 af Marinó L. Stefánssyni og hét þá *Nilli Hólmgeirsson og ævintýraför hans um Svíþjóð*. Sagan var svo lesin í útvarpinu af Huldu Runólfsdóttur og naut sá lestur ómældra vinsælda landsmanna á sínum tíma. Þess má geta að Selma Lagerlöf varð árið 1909 fyrsti Sviinn og um leið fyrsta konan til að hljóta Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.

Dularfullu Z-merkin

Uberta drottning hefur skrifað skáldsögu um hvernig hún bjargaði ríkinu frá því lenda í klóm Antonios greifa. Morgun einn uppgötvar hún að einhver hefur skorið stórt Z í bókarkápuna og þar með hefst dularfull ráðgáta.

Í fyrstu heldur konungurinn að Uberta hafi bara óvart sjálf rispað bókina með löngu nöglunum sínum en þegar dularfullar Z-merkingar byrja að birtast út um allt og á öllu í konungdæminu, auk þess sem það sést til dularfulls svartklædds manns á húspökum borgarinnar, kemur til kasta Alise prinsessu og vina hennar að rannsaka málið ...



Punktur

• Þetta ævintýri um Alise svanaprinsessu er í raun – og eins og margir vita – áttunda myndin í seríunni sem hófst árið 1994 með myndinni *Svanaprinsessan*. Myndir tvö til sjö hafa svo komið út nokkuð reglulega frá árinu 2008.



VOD L 79 min

Teiknimynd með ensku tali og íslenskum texta um Alise svanaprinsessu og félagi **Útgefandi:** Sena

Barnaefni


17. maí



Spyrjum að leikslokum

Þriðja og síðasta myndin í *The Maze Runner*-þrileiknum verður gefin út 17. maí en í henni koma öll lokasvör gátunnar fram auk þess sem örlög aðalpersónanna ráðast, en þau hafa komið að áendum fyrri myndanna verulega óvart.

Myndirnar *The Maze Runner* (2014) og framhaldið *The Scorch Trials* (2015) nutu mikilla vinsælda þegar þær komu út enda þrælógðar myndir, gerðar eftir samnefndum metsölubókum James Dashner. *The Death Cure* er nú þegar orðin jafnvel enn vinsælli en hún inniheldur mesta hasarinn af þeim öllum þar sem nú er komið að því að aðalpersónan Thomas og vinir hans snúi vörn í sókn og freisti þess að frelsa aðra úr ánaði sem fyrirtækið WCKD undir stjórn Övu Paige hefur haldið þeim í. En hvað á frelsið eftir að kosta?



Maze Runner: The Death Cure

Ævintýri / Vísindahasar



Aðalhlutverk: Dylan O'Brien, Thomas Brodie-Sangster, Rosa Salazar, Kaya Scodelario, Walton Goggins, Patricia Clarkson, Barry Pepper og Aidan Gillen **Leikstjórn:** Wes Ball **Útgefandi:** Sena


17. maí



Þeir Thomas og Newt í einu af mörgum hasaratriðum myndarinnar.

Veistu svarið?

Bandaríski leikarinn Dylan O'Brien, sem er af írskum og enskum ættum, ætlaði sér að verða kvikmynda-tökumaður eins og faðir hans en sneri sér alfarið að leiklist þegar hann var ráðinn í hlutverk Stiles Stilinski í þekktum sjónvarpsþáttum árið 2011. Hvaða þáttum?



Teen Wolf



Nokkrar af aðalpersónum myndarinnar leggja hér á ráðin en þær eru leiknar af Nathalie Emmanuel, Katherine McNamara, Jacob Lofland, Thomas Brodie-Sangster, Dylan O'Brien, Rosu Salazar og Dexter Darden.

Punktar

- ★★★★1/2 - *Entertainm. Weekly* ★★★★★1/2 - *New York Magazine*
- ★★★★1/2 - *New York Post* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *IGN*
- ★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Los Angeles Times*

• Eins og þeir vita sem lesið hafa bækurnar þá skrifaði höfundurinn James Dashner þrjár bækur í viðbót sem tengjast *The Maze Runner*-þrileiknum, annars vegar bækurnar *The Kill Order* og *The Fever Code* sem gerast fyrir atburði fyrstu myndarinnar, og hins vegar rafbókina *The Maze Runner Files*, en hún er ekki eiginleg saga heldur er þar að finna upplýsingar og nánari lýsingar á ýmsum atriðum þrileiksins sem gefa lesendum dýpri og betri skilning á atburðarásinni í heild sinni. Ekkert hefur verið ákveðið varðandi kvikmyndun á forsögum um tveimur en í ljósi vinsælda þrileiksins gæti allt eins af því orðið.



Leikstjórninn Wes Ball sem leikstýrt hefur öllum þremur *Maze Runner*-myndunum og Dylan O'Brien sem leikur aðalpersónuna Thomas í þeim ræða hér saman við tókur á einu atriði *The Death Cure*.



Aðalhlutv.: Katie Cassidy, Drake Bell, Jerry Trainor og Austin Swift **Leikstjórn:** Todd Berger **Útgef.:** Sena

Morðgáta

17. maí

Fjórar sögur – einn sannleikur

Kvöldið áður en rokkhljómssveitin Starfoxy á að halda sína stærstu og mikilvægustu tónleika til þessa efna fjórir meðlimir hennar, þau Jackie, Byron, Travis og Kirk, til samkvæmis sem endar með því að ein af gestunum og aðdáendum sveitarinnar finnst látin í sundlaug. Hún hefur verið myrt.

Cover Versions er eftir handritshöfundinn og leikstjórnann Todd Berger sem síðast sendi frá sér heimsendamyndina *It's a Disaster* sem mörgum þótti mjög góð. Hér býður hann áhorfendum upp á ráðgátu með óvæntri framvindu og fléttu.

Eftir að fyrrnefndur aðdáandi hljómssveitarinnar finnst látin í sundlauginni og lögreglan uppgötvar að um morð er að ræða hefjast yfirheyrslur yfir þeim sem samkvæmið sóttu, þar á meðal hljómssveitarmeðlimunum fjórum. Í ljós kemur að hvert og eitt þeirra hefur mismunandi sögu að segja af atvikum kvöldsins og það verður fljótlega alveg augljóst að a.m.k. eitt þeirra er ekki að segja sannleikann. En hver er hann og hvað var það sem kom raunverulega fyrir hina myrtu?



Stór og Smár

Átta nýir þættir um bestu vinina tvo

Breskir þættir með íslensku tali um þá félagana Stóran og Smáan sem bralla ýmislegt skemmtilegt saman alla daga og lenda í fjölbreyttum ævintýrum.

Þættirnir um Stóran og Smáan höfðu til barna á leikskólaaldri og hafa náð miklum vinsældum víða um heim. Í þáttunum taka þeir félagar alltaf upp á einhverju nýju og þótt þeir séu samhentir þá eru þeir ekki alltaf sammála um leiðirnar. Alltaf skal þó allt fara vel og alltaf skulu þeir ná saman í lokin, enda báðir samningsfúsir.

Á þessari VOD-útgáfu er að finna þætti 71 til 80 um þá félagana sem eru hver öðrum frumlegri. Þess má geta að þættirnir hlutu BAFTA-verðlaunin árið 2009.



10 Þættir 71-80



Brúðumyndir með íslensku tali um félagana Stóran og Smáan og uppátæki þeirra **Útgefandi:** Myndform

Barnaefni

18. maí



Láttu drauminn rætast

Sannsöguleg mynd um hinn 17 ára Írana Ali Jahani sem neyddist til að flýja heimaland sitt árið 1980 og setjast að í Bandaríkjunum. Ákveðinn í að passa inn í hið bandaríska samfélag jafnaldra sinna sem tók honum ekki vel í fyrstu ákvað hann að ganga til liðs við skólafélagið í bandarískri glímu, dyggilega studdur af kennara sínum og skólustjóranum sem hvatti hann til dáða.

Hér er á ferðinni eka „feel-good“-mynd sem líkja má við *The Karate Kid*, nema í þessari er stuðst við sögu. Myndin þykir ákaflega vel gerð í alla staði, vel leikin og skemmtileg og því er alveg óhætt að lofa að væntanlegir áhorfendur eigi eftir að hrífast af sögu hins unga Alis. Hann á að vísu við ramman reip að draga í fyrstu en á eftir að sigra hjórtu allra sem í kringum hann eru með eldmóði sínum og viljanum til að verða betri og betri í því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Punktur

- Myndin er að stórum hluta tekin upp í Casa Grande-menntaskólanum í bænum Petaluma fyrir norðan San Francisco og vestur af Sacramento.



Leikstjórinn Alex Ranarivelo ásamt aðalleikara myndarinnar, George Kosturos.



Aðalhl.: George Kosturos, William Fichtner, Ali Afshar og Jon Voight **Leikstj.:** Alex Ranarivelo **Útgef.:** Myndform

Afref / Íþróttamynd

18. maí

Maðurinn sem felldi Nixon

Innbrotið í höfuðstöðvar demókrata í Watergate-byggingunni í Washington í júní árið 1972 hefði sennilega ekki leitt til afsagnar Nixons forseta Bandaríkjanna ef FBI-maðurinn Mark Felt hefði ekki ákveðið að gerast leynilegur uppljóstrari blaðamannanna Bobs Woodward og Carls Bernstein hjá Washington Post, en þeir áttu mestan þátt í að fletta ofan af sannleika málsins.

Það er Liam Neeson sem leikur Mark Felt í þessari mynd leikstjórans Peters Landesman sem skrifaði einnig handritið. Um leið og Mark ákvað að hafa samband við þá Bob og Carl var hann auðvitað að leggja sjálfan sig í stórhættu enda varð flestum ljóst að blaðamennirnir nutu aðstoðar einhvers innan stjórn- og rannsóknarkerfisins sem hafði aðgang að leynilegum upplýsingum. Hve lengi gat hann leynst?

Punktur

- ★★★★1/2 - *S.F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *RogerEbert.com* ★★★★★1/2 - *ReelViews* ★★★★★ - *Chicago Sun-Times* ★★★★★ - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Hollyw. Reporter*

- Eins og þeir vita sem þekkja til Watergate-málsins ákvað Mark Felt að stiga fram árið 2005 og viðurkenna að hann væri sá sem blaðamennirnir Carl Bernstein og Bob Woodward höfðu gefið dulnefnið „Deap Throat“ við rannsókn málsins. Mark var þá orðinn 92 ára en sagan segir að hann hafi löngu áður ákveðið að taka ekki leyndarmálið með sér í gröfina. Hann lést þremur árum síðar.
- Myndin er að sjálfsögðu byggð á afar ítarlegum heimildum, ekki síst sjálfsævisögu Marks Felt sjálfs.



Mark Felt lagði sig í mikla hættu við að koma upplýsingum frá sér til Washington Post.



Aðalhlutv.: Liam Neeson, Diane Lane, Marton Csokas og Tony Goldwyn **Leikstjórn:** Peter Landesman **Útgefandi:** Myndform

Sannsögulegt

18. maí



Frá upphafi til enda

Heimildarmyndin *Supersonic* segir frá bræðrunum Liam og Noel Gallagher, allt frá æsku og til fullorðinsára, en þeir urðu heimsfrægir árið 1994 með hljómsveitinni Oasis þegar fyrsta plata þeirra, *Definitely Maybe*, kom út.

Aðdáendur góðra heimildarmynda og þá ekki síst aðdáendur hljómsveitarinnar Oasis ættu ekki að láta þessa mynd fram hjá sér fara en hún hefur hlotið afar góða dóma og þykir sýna alveg einstaklega vel úr hverju þeir Gallagher-bræður eru gerðir og tilurð Oasis. Auk þess er hér að finna mikið efni frá tónleikum sveitarinnar og enn meira úr einkalífi bræðranna, bæði innan og utan sviðsljóssins.

Punktur

★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Village Voice* ★★★★★ - *Time Out London*
★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★/2 - *Chicago Sun-Times*

- Höfundur myndarinnar, Mat Whitecross, á m.a. að baki heimildarmyndirnar *The Road to Guantanamo* og *Sex & Drugs & Rock & Roll* en hefur þess utan gert fjölda tónlistarmyndbanda, þ. á m. mörg við lög hljómsveitarinnar Coldplay.

- Heiti myndarinnar, *Supersonic*, er sótt í fyrsta lagið sem Oasis gaf út á smáskífu en það fór í 31. sæti breska vinsældalistans árið 1994 og var síðan að finna á fyrstu stóru plötu sveitarinnar, *Definitely Maybe*.

- Margt af myndefninu í þessari mynd er úr einkasöfnum og hefur aldrei áður verið sýnt opinberlega.



Heimildarmynd eftir Mat Whitecross um Gallagher-bræðurna Liam og Noel og hljómsveitina Oasis **Útgef.:** Myndform

Heimildarmynd

18. maí




Jack Black lék við hvurn sinn fingur við ströndina í Venecí í Kaliforníu 19. apríl þar sem hann var að leika í nýju myndbandi Gorillaz. Því miður vitum við ekki heiti lagsins.



Þær Mackenzie Davis, Charlize Theron og Diablo Cody voru kátar á frumsýningu myndarinnar *Tully* í L.A. 18. apríl, en þær fyrrnefndu leika aðalhlutverkin og Diablo skrifaði handritið.



Þær Laura Dern, Reese Witherspoon og Nicole Kidman skelltu sér saman í hádegisverð 18. apríl, en þær eru jafnframt að leika saman í sjónvarpsþáttunum vinsælu, *Big Little Lies*.



Ekkert nema sigur!

Winston Churchill var gerður að forsætisráðherra Bretlands 10. maí 1940, átta mánuðum eftir upphaf síðari heimsstyrjaldarinnar, og átti eftir að taka margar af afdrifaríkustu og erfiðustu ákvörðununum sem taka þurfti fyrir hönd þjóðarinnar.

Winston Churchill var og er enn umdeildur maður og það var þvert á vilja fráfarandi forsætisráðherra Breta, Nevilles Chamberlain og Georgs sjötta konungs, að hann var skipaður forsætisráðherra til að lægja öldurnar í breska þinginu og koma í veg fyrir stjórnarslit.

Þessi mynd Joes Wright (*Pride & Prejudice*, *Atonement*, *Anna Karenina*) gerist öll í maí 1940 og lýsir aðdraganda þess að Churchill var skipaður forsætisráðherra svo og fyrstu dögum hans í embætti, en óhætt er að segja að hann hafi tekið við erfiðu búi. Þjóðverjar höfðu ráðist inn í Frakkland og áttu síðar í mánuðinum eftir að króa Bandamenn af í Dunkirk þar sem 400 þúsund hermenn horfðu fram á að verða stráfelldir tækist ekki að ferja þá yfir Ermarsundið í tíma.

Myndin þykir frábærlega gerð og leikin og þess má geta að Gary Oldman notaði heilt ár í að undirbúa sig undir hlutverk Winstons Churchill og tileinka sér hina mörgu og sérstöku takta hans, bæði í framburði og í framkomu. Fyrir þá frábæru túlkun hlaut hann bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin í ár og er leikur hans einn og sér næg ástæða fyrir alla til að sjá þessa kraftmiklu mynd.



Við gerð myndarinnar var lögð gríðarleg áhersla á að hanna sviðsmyndir sem væru sem nákvæmastar eftirmyndir af því umhverfi sem Churchill og samtímafólk hans lifði og hræðist í árið 1940.

Darkest Hour

Sannsögulegt



Aðalhlutverk: Gary Oldman, Lily James, Kristin Scott Thomas, Ben Mendelsohn, Stephen Dillane, Ronald Pickup, Nicholas Jones, Samuel West, Richard Lumsden og David Schofield **Leikstjórn:** Joe Wright **Útgefandi:** Myndform

24. maí



Kristin Scott Thomas leikur eiginkonu Winstons, Clementine, en þau gengu í hjónaband árið 1908 og eignuðust fimm börn.

Veistu svarið?

Þetta var í annað sinn sem Gary Oldman hlýtur tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aðalhlutverki og fannst mörgum tími til kominn að hann eignaðist sína eigin Óskarsstyttu. En fyrir hvaða mynd var hann tilnefndur í fyrra sinnið?



Tinker Tailor Soldier Spy.

Punktar

- ★★★★1/2 - *Entertainm. Weekly* ★★★★★1/2 - *New York Magazine*
- ★★★★1/2 - *New York Post* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *IGN*
- ★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Times* ★★★★★ - *Los Angeles Times*

• Fyrir utan að fá stóru kvikmyndaverðlaunin þrenn fyrir leik Garys Oldman hlaut *Darkest Hour* einnig bæði Óskarinn og BAFTA-verðlaunin fyrir bestu förðun ársins, auk tilnefninga fyrir búninga, sviðsetningu, kvikmyndatöku og sem besta mynd ársins 2017.



Churchill var meistari í ræðuflutningi og áttu ræður hans, bæði þær sem hann flutti í þinginu og í útvarpi, stóran þátt í að telja kjark í bresku þjóðina í upphafi seinni heimsstyrjaldarinnar.

Sönn saga um sannar hetjur

Þann 15. ágúst 2015 unnu fimm menn mikla hetjudáð þegar þeim tókst að stöðva hryðjuverkamann um borð í hraðlestinni á milli Amsterdam og Parísar áður en honum tókst að láta til skarar skriða. Þessi mynd er um þann æsispennandi atburð og leika þrír af þessum mönnum sjálfa sig í henni.

Hraðlestin frá Amsterdam til Parísar var nýkomin yfir landamærin þegar hinn marokkóski Ayoub El Khazzani hugðist láta til skarar skriða, vopnaður sjálfvirkum AKM-árásarriffli, níu skothylkjum með samtals 270 skotum, 9 millimetra Luger-skammbyssu, bensínsprengju og dúkahníf. Sá fyrsti til að átta sig á hvað væri yfirvofandi var 28 ára Frakki, en nafn hans hefur aldrei verið gefið upp. Hann féll í gólfíð í átökunum við Khazzani og var úr leik. Þá stökk á hann annar Frakki af bandarískum ættum, Mark Moogalian, og reyndi að ná af honum rifflinum en Khazzani náði að skjóta hann í hálsinn með skammbyssunni. Og rétt í þann mund sem Khazzani ætlaði að beita rifflinum hentu þeir Alek Skarlatos, Spencer Stone og Anthony Sadler sér á hann ...

Punktur

★★★★★ - *The Globe and Mail*

★★★★ - *The New York Times*

- Þeir Alek, Spencer og Anthony skrásettu sögu sína þegar til Bandaríkjanna var komið og það er eftir henni sem Dorothy Blyskal skrifaði handritið. Clint Eastwood tók síðan að sér leikstjórnina og kom með þá hugmynd að fá þá félagar til að leika sjálfa sig í henni.



Þeir Alek Skarlatos, Spencer Stone og Anthony Sadler leika sjálfa sig í myndinni sem er einnig byggð á frásögn þeirra af atburðinum.



Aðalhl.: Anthony Sadler, Alek Skarlatos og Spencer Stone
Leikstjórn: Clint Eastwood **Útg.:** Síminn og Vodafone

Sönn saga

21. maí

Upplifðu augnablikið

Elio Perlman er sautján ára piltur sem býr í átjándu-aldar villu á Norður-Ítalíu ásamt vel stæðum foreldrum sínum og eyðir tímanum í tónlistar- og bókmenntanam á milli þess sem hann skemmtir sér með bestu vinkonu sinni, Marziu. Þegar aðstoðarmaður föður hans, Oliver, kemur til nokkurra vikna dvalar í villunni á heimsókn hans eftir að breyta lífi Elios til framtíðar.

Call Me by Your Name, sem er byggð á samnefndri verðlaunasögu bandaríska rit höfundarins Andrés Aciman, er einstök kvikmyndaperla, myndin, ljúf og svo áhrifarík að bæði sagan sjálf og persónur hennar munu lifa með áhorfendum í mörg ár.

Punktur

★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *R. Stone* ★★★★★ - *Indiewire*

★★★★★ - *R. Ebert* ★★★★★ - *L.A. Times* ★★★★★ - *Empire*

★★★★★ - *Guardian* ★★★★★ - *Telegraph* ★★★★★ - *Screen*

★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Slate*

- *Call Me by Your Name* hefur hlotið fimm stjörnu dóma hjá flestum gagnrýndunum á Metacritic og er þar með 9,3 í meðaleinkunn sem er einstakur árangur. Þeir Armie Hammer og Timothée Chalamet voru báðir tilnefndir til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni og hún sjálf sem besta mynd ársins eins og á Óskarsverðlaunahátíðinni þar sem Timothée var líka tilnefndur fyrir leik sinn. Svo fór að myndin landaði Óskarsverðlaununum fyrir handritið en það er eftir James Ivory sem um leið varð elsti maður til að hljóta Óskarsverðlaun en hann verður níraður í júní.




Armie Hammer og Timothée Chalamet sýna snilldarleik í myndinni.



Aðalhl.: Armie Hammer, Timothée Chalamet og Michael Stuhlbarg **Leikstj.:** Luca Guadagnino **Útg.:** Sena

Drama / Rómantik

24. maí



Börn breyta öllu

Mary er leigumorðingi sem starfar fyrir mafíuna í Boston. Hún er vandvirk og nákvæm og undirbýr sig vel fyrir verkefni sín. Dag einn fara hlutirnir þó sérkennilega úrskeiðs þegar hún situr skyndilega uppi með son eins af fórnarlömbum sínum og þarf að taka ákvarðanir um framtíð hans – og sína.

Proud Mary er eftir sænsk-írnska leikstjórnann Babak Najafi sem sendi síðast frá sér myndina *London Has Fallen* og þar á undan myndirnar *Easy Money 2* og *Sebbe*, en sú síðarnefnda sópaði að sér verðlaunum víða um lönd. Hér vinnur hann eftir handriti þeirra Christians Swegal og Johns Stuart Newman en það er aftur að stórum hluta byggt á handriti myndarinnar *Gloria* sem Sidney Lumet leikstýrði árið 1999 og þeir John Cassavetes og Steve Antin skrifuðu í sameiningu. Í það skiptið var það Sharon Stone sem stóð frammi fyrir sama vandamáli og Mary gerir í þessari mynd en hvort hún leysi það á sama hátt, það er alveg óvíst ...



Það er Taraji P. Henson sem leikur leigumorðingjann Mary í *Proud Mary*.



Aðalhl.: Taraji P. Henson, Billy Brown, Jahi Di'Allo Winston og Danny Glover **Leikstj.:** Babak Najafi **Útgef.:** Sena

Spenna / Hasar

24. maí

Hinir rannsakanlegu vegir tilverunnar

20th Century Woman gerist að mestu í Santa Barbara í Kaliforníu árið 1979. Við kynnumst hér gistihúsaiegandanum Dorothy sem hefur áhyggjur af því að hafa ekki náð að kenna 15 ára syni sínum nægilega vel á lífið og ákveður því að biðja tvær ungar konur að aðstoða sig við það á meðan hún sjálf kannar grundvöllinn að sambandi við einn af leigjendum sínum, William.

Einhver gagnrýnandi lýsti þessari mynd þannig að það væri engu líkara en að hún væri skrifuð og gerð af þeim Ken Loach, Woody Allen, Robert Altman og Richard Curtis í sameiningu. Þetta er bæði myndin og umhugsunarverð saga með frábærum leikurum sem túlka litríkar persónur og samskipti þeirra á ógleymanlegan hátt ...

Punktur

- ★★★★★ - *CineVue* ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Wash. Post*
- ★★★★1/2 - *N.Y. Times* ★★★★★1/2 - *L.A. Times* ★★★★★1/2 - *Rolling Stone*
- ★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *The Guardian* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*

- Myndin er að hluta til sannsöguleg því leikstjórninn og handritshöfundurinn Mike Mills byggði persónu Dorothy, sem Annette Bening leikur, á sinni eigin móður auk þess sem aðrar persónur sögunnar eru byggðar á fólki sem Mike þekkti á uppvaxtarárunum.

- Fyrir utan einróma lof gagnrýnenda og ótal verðlaun var myndin m.a. tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir handritið. Annette Bening var tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir leik sinn og myndin sjálf sem besta mynd ársins.




Þessu fólki þurfa allir að kynnst!



Aðalhlutv.: Annette Bening, Elle Fanning, Greta Gerwig og Billy Crudup **Leikstjórn:** Mike Mills **Útgefandi:** Myndform

Gamandrama

25. maí



VOD L 117 min

Heimildarmynd eftir Tom Volf um Mariu Callas, líf hennar og viðburðaríkan feril **Útgef.:** Myndform

Heimildarmynd

25. maí

„Við erum tvær, Maria og Callas“

Maria Callas er tvímælalaust þekktasta óperusöngkona sem uppi hefur verið og jafnframt ein sú dádasta enda bjó hún yfir einstæðum sönghæfileikum og hlaut af þeim sökum viðurnefnið „gyðjan“ eða „hin guðdómlega“. Í þessari vönduðu mynd er farið yfir feril hennar í máli og myndum og mikil áhersla lögð á að hennar eigin orð og sjónarmið komi skýrt fram.

Maria, sem lést langt um aldur fram árið 1977, aðeins 53 ára, fór ekki í felur með að hún væri ekki sama manneskjan fyrir framan sviðsljósinn og fyrir aftan þau. Annars vegar væri hún söngkonan Callas og hins vegar hin brothætta Maria sem glímdi við þunglyndi og depurð, en ástæður þess rakti hún m.a til æskuára sinna. Í myndinni er einnig farið yfir persónlegt líf Mariu, samböndin sem hún átti í við hina ýmsu karlmennt og venskapinn sem hún myndaði við listafólk um allan heim.

Punktur

- Í myndinni koma fram margir þekktir einstaklingar og má þar nefna Vittorio De Sica, Aristotle Onassis, Pier Paolo Pasolini, Luchino Visconti og Omar Sharif.




Heiða

Saga um hugljúfa stúlku sem bætir allt og alla

Nýir teiknimyndapættir, byggðir á hinni sígildu bók um Heiðu eftir svissneska rithöfundinn Jóhönnu Spyri, en hún kom upphaflega út árið 1881.

Bók Jóhönnu Spyri um Heiðu er þjóðargersemi í Sviss enda eitt þekktasta bókmenntaverk Svisslendinga fyrr og síðar. Sagan er eins og flestir vita um hina sex ára gömlu og munaðarlausu Heiðu sem flytur upp í Alpana til afa síns, en hann er sérvitur einsetumaður, hvumpinn og öngugur við flesta sem hann hittir. En koma Heiðu á fjótlega eftir að gjörbreyta viðhorfum hans til lífsins enda getur enginn verið í vondu skapi lengi sem hefur þessa lífsglöðu, skemmtilegu og snjöllu stúlku sér við hlið.



Punktur

- Þessi útgáfa inniheldur þætti 29 til 32 í seríunni en fyrri þættirnir, þættir 1 til 28, ættu flestir að vera enn fánlegir á VOD-leigunum.



VOD L 87 min


Teiknimyndir með íslensku tali um hina góðhjörtaðu og síglöðu Heiðu **Útgefandi:** Myndform

Teiknimyndir

25. maí



Þessir nýju teiknimyndapættir um Heiðu þykja allveg einstaklega vel gerðir.



The Shape of Water

Ævintýri / Ástarsaga



Aðalhlutverk: Sally Hawkins, Octavia Spencer, Michael Shannon, Richard Jenkins, Michael Stuhlbarg, Doug Jones, David Hewlett og Nick Searcy **Leikstjórn:** Guillermo del Toro **Útgefandi:** Sena

31. maí



Doug Jones leikur vatnaveruna sem býr yfir einstökum hæfileikum.

Veistu svarið?

Í ár eru liðin nákvæmlega 25 ár síðan Guillermo del Toro sendi frá sér sína fyrstu mynd í fullri lengd en hún var hans útgáfa af vampírmynd og er í huga margra ein besta og vanmetnasta mynd tíunda áratugar síðustu aldar. Hvað heitir þessi mynd?



©SONY

Hver er skrímslið?

Nýjasta mynd leikstjórans Guillermos del Toro er hugmynda-rikt ævintýri sem allt eins mætti flokka sem rómantíska ástarsögu, spennumynd og fantasíu. Það er a.m.k. alveg ljóst að *The Shape of Water* er ein besta kvikmyndaupplifun ársins.

Myndin gerist í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar og segir frá hinni mállausu verkakonu Elisu sem sinnir þrífum í leynilegri rannsóknarstöð í Bandaríkjunum þar sem dularfull vatnavera í mannsmynd hefur verið hýst og rannsökuð. Elisa heillast af þessari sérstöku veru og vingast við hana á afar sérstakan hátt. Þegar hún uppgötvar að líf vatnaverunnar kunni að vera í hættu ákveður hún að nema hana á brott úr rannsóknarstöðinni og koma henni til sjávar svo hún geti synt til síns heima. Brottnámið heppnast með aðstoð samstarfskonu Elisu, Zeldu, en eins og búast mátti við er yfirmaður þeirra, Richard Strickland, síður en svo ánægður með framtakið og í gang fer bæði spennandi og heillandi atburðarás ...




Þær Octavia Spencer og Sally Hawkins leika vinkonurnar og samstarfskonurnar Zeldu og Elisu en þær voru báðar tilnefndar til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn, svo og Richard Jenkins sem leikur nágranna Elisu.

Punktur

- ★★★★★ - *L. A. Times* ★★★★★ - *Entertainment Weekly*
- ★★★★★ - *The New York Times* ★★★★★ - *The Telegraph*
- ★★★★★ - *Indiewire* ★★★★★ - *Screen International*
- ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *Telegraph*
- ★★★★★ - *Variety* ★★★★★ - *Wall Street Journal*

• *The Shape of Water* hefur fengið frábæra dóma gagnrýnenda og hlaut fern Óskarsverðlaun af þrettán tilnefningum, þ.e. fyrir sviðsmynd, handrit, leikstjórn og sem besta mynd ársins. Þess utan hefur hún sópað að sér tilnefningum og verðlaunum á öðrum kvikmyndahátíðum beggja vegna Atlantsshafsins. Þetta er með öðrum orðum ein af þeim myndum sem kvikmyndaáhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara þegar hún kemur út á DVD 31. maí.



Michael Shannon leikur Richard Strickland, yfirmann hinnar leynilegu rannsóknarstöðvar þar sem vatnaveran dularfulla er vistuð.



Óttinn sækir þig heim

Insidious: The Last Key er fjórða *Insidious*-myndin í seríunni sem hrollvekjukóngurinn James Wan hleypti af stokkunum árið 2010.

Í þetta sinn er það leikstjórinn Adam Robitel sem fer fyrir hrollvekjandi spennunni en hann gerði m.a. myndina *The Taking of Deborah Logan* árið 2014. Lin Shaye mætir á svæðið á ný sem rannsakandinn Elise Rainer sem ákveður að verða við beiðni ungs manns um að heimsækja hann þegar maðurinn fullyrðir að í húsi hans hafi einhver ill öfl tekið sér bólfestu. Og það reynast engar ýkjur!

Punktur

★★★★1/2 - *Wrap* ★★★★★ - *RogerEbert.com* ★★★★★ - *Screen* ★★★★★ - *IGN*

- Í myndinni munu þeir sem séð hafa fyrri myndirnar finna ýmsar tilvísanir í þær sem sagt er að skýri upp að vissu marki hvaðan óhugnaðurinn kemur.



Sálfræðingurinn og rannsakandinn Elise Rainier mætir sem fyrr á vettvang hinna óhugnanlegu atburða ásamt aðstoðarmönnum sínum, Tucker og Specs.



Aðalhlutverk: Lin Shaye, Leigh Whannell og Angus Sampson **Leikstjórn:** Adam Robitel **Útgef.:** Sena

Hrollvekja

31. maí

Hvað er það sem skiptir máli?

Gæðamyndin *Novitiate* gerist í Tennessee-ríki á árunum 1962 til 1965 og segir frá ungrri stúlkunni, Cathleen, sem ákveður að gerast nunna. Þetta er á tíma þegar talsverðar róstur eru innan kirkjunnar vegna nýrra tilskipana frá Páfagarði þar sem gömlum og grónum reglum var breytt. Áður en langt um líður er Cathleen farin að spyrja sig hvort hún hafi tekið rétta ákvörðun.

Novitiate hefur hlotið mikið lof margra gagnrýnenda og þykir ákaflega vel leikin og trúverðug í alla staði í lýsingum sínum á því hvernig það var á þessum árum fyrir ungar konur í Tennessee-ríki að ganga Guði á hönd og gerast nunnur. Handrit myndarinnar þykir skrifað af afburða þekkingu á katólsku kirkjunni og lýsir ekki bara innviðum hennar vel heldur einnig þeim átökum sem þarna áttu sér stað ...

Punktur

★★★★★ - *S. F. Chronicle* ★★★★★1/2 - *Indiewire* ★★★★★1/2 - *Variety* ★★★★★1/2 - *R. Stone* ★★★★★ - *Hollywood Reporter* ★★★★★ - *L.A. Times*

- *Novitiate* hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar á kvikmyndahátíðum, t.d. fyrstu verðlaun á Sundance-hátíðinni sem besta byrjunarverk leikstjóra, auk þess sem myndin var tilnefnd besta myndin í aðalkeppninni. Þess má og geta að handrit myndarinnar, sem er eftir leikstjóranum Maggie Betts, var einnig valið besta frumraun handritshöfundar á Black Reel-kvikmyndahátíðinni í Washington þar sem kvikmyndagerðarfolk af afrískum uppruna er verðlaunað.



Melissa Leo leikur forstöðukonu klaustursins sem er ósatt við hinar nýju reglur Páfagarðs.



Aðahl.: Margaret Qualley, Julianne Nicholson, Melissa Leo og Dianna Agron **Leikstj.:** Maggie Betts **Útg.:** Myndform

Drama




31. maí

Komnar út og fáanlegar á sjónvarpsleigunum



Jumanji: Welcome to the...

Þegar þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha eru látin sitja eftir í skólanum rekast þau á gamla leikjatlövu í kjallaranum og leik sem þau hafa aldrei heyrt minnst á áður, *Jumanji*. Þau ákveða að prófa að spila – og sogað bókstaflega inn í leikinn. Stórskemmtilegt ævintýri og grín fyrir alla með frábærum leikurum.


Ævintýri 12   



Paddington 2




Önnur bíómyndin um göðhartaða, ljúfa en dálítið óheppna bangsann Paddington er snilldarverk eins og fyrri myndin og um leið alveg dásamleg skemmtun fyrir fólk á öllum aldri. Hér lendir hann í mikilli klemmu þegar óþrúttinn þjófur stelar fagætri bók sem hann ætlaði að kaupa handa frænku sinni í afmælisgjöf.

Fjölskyldumynd L



Star Wars: The Last Jedi




The Last Jedi er eins og allir vita áttundi kafli *Star Wars*-ævintýrsins og hefst nokkurn veginn þar sem síðasta kafli, *The Force Awakens*, endaði. Atburðarásin er að mörgu leyti óvænt og inniheldur fléttur sem ekki einu sinni höfðustu *Star Wars*-aðbændur áttu von á og því megu við ekki segja neitt meira um það.

Star Wars 12   



The Commuter




Michael er tryggingasöluumaður sem um tíu ára skeið hefur ferðast með sömu lestinni fram og til baka úr vinnu. Dag einn sest hjá honum ókunnug kona sem býður honum 75 þúsund dollara fyrir að leysa dularfúllt verkefni. Michael lætur freistast, enda mikil peningar í boði, en á fljótlega eftir að iðrast þess innilega!

Spennumynd 12   



Fullir Vasar




Fullir vasar er nýjasta mynd leikstjórans Antons Sigurðssonar og fjallar um fjóra menn sem ræna banka til að eiga fyrir tugmilljóna skuldum eins þeirra við tugmilljóna skuldum eins þeirra við hættulegasta mann Íslands. Í kjölfar þess fer í gang ævintýraleg og oft og tíðum mjög fyndin atburðarás sem enginn hefði getað séð fyrir.


Gaman/hasar 14   



All the Money in the World




All the Money in the World er nýjasta mynd Ridley's Scott og fjallar um þann fræga atburð í júlí árið 1973 þegar alnafna og sonarsyni ríkasta manns heims á þeim tíma, John Paul Getty III, var rænt í Róm og afi hans neitaði að greiða lausnargjaldið. Frábær mynd, vel leikin og gerð og mjög eftirminnileg.

Sannsgulegt 16   



Justice League




Dauði Supermans í kjölfar sjálfsmórars hans hefur fyllt Batman auknum krafti og eftir að hann og Wonder Woman taka höndum saman ákveða þau að fá til liðs við sig þá Aquaman, The Flash og Cyborg. Baráttan snýst um að bjarga mannkyninu frá útrýmingu og aðalvinnurinn er hinn ægilegi Steppenwolf.

Ævintýri/ofurhetjur 12   



The Post




The Post er nýjasta mynd Stevens Spielberg og um leið fyrsta myndin sem stórlíkarnir Tom Hanks og Meryl Streep leika saman í. Hér segir frá því þegar blaðamenn The Washington Post komust yfir ríkistrúnaðarskjöl en sá leki átti eftir að valda grófarlegum skjálfta í æðsta stjórnkerfi Bandaríkjanna.

Sannsgulegt 6   



24 Hours to Live




24 Hours to Live er hasarmynd sem líkt hefur verið við *John Wick*-myndirnar enda er hasarinn svo að segja stanslaus frá upphafi til enda. Um leið er sagan krydduð með vísindaskáldskap enda er aðalpersónan, Travis Conrad, dauður í upphafi myndarinnar eftir að hafa fornað öllu fyrir starf sitt.

Vísindahasar 16   



Kidnap




Karla Dyson er frásökin móðir sex ára stráks, Frankies. Dag einn þegar hún á frí fer hún með Frankie í skemmtigarð en rétt eftir komuna þangað hringir síminn. Eftir stutt samtíði áttar Karla sig á að Frankie er horfinn og að honum hefur verið rænt! Þar með hefst æsileg eftirfor með óvænti framvindu.

Spennumynd 12   



Thor: Ragnarök



Aðdáendur *Avengers*-myndanna og ofurhetjumynda yfirleitt eru flestir sammála um að *Thor: Ragnarök* sé ein fyndnasta ofurhetjumyndin hingað til þótt enginn afsláttur sé gefinn af hasarum og viðburðaríki sögu. Hér lenda Þór og nokkrir félagar hans í heljarinnar átök um þar sem örlög Ásgarðs eru undir.


Ævintýri/ofurhetjur 12   



Daddy's Home 2




Jólin eru á næsta leiði og þeir Dusty og Brad hafa náð sáttum, auk þess sem Dusty er í raun kominn í stöðu Brads eftir að hafa kvenst Karen sem á dóttur með fyrrverandi eiginmanni sínum, Roger. Nú hlakka þeir bjartsýnt til jóllanna en það breytist snarlega þegar feður þeirra koma í heimsókn og Roger snýr aftur heim!

Gamanmynd 6  



Brawl in Cell Block 99

Brawl in Cell Block 99 er önnur mynd Craigs Zahler sem gerði vestráttlyllinn *Bone Tomahawk* árið 2015 og snýr hér aftur með sína útgáfu af harðhausamynd í anda margra af vinsælustu b-mynda áttunda áratugar síðustu aldar þegar t.d. Clint Eastwood og Charles Bronson lömdu mann og annan og áttu sviðið.

Spennumynd 16   



Robo-Dog



Þegar hundur hins unga Tylers deyr ákveður faðir hans, sem er snjall uppfinningamaður, að smíða handa honum vélhund sem getur ekki bara skilið og talað mannamál heldur er að auki gæddur ýmsum óvæntum hæfileikum. Hér er á ferðinni skemmtileg krakka-mynd sem fullorðnir hafa líka gaman af.

Fjölskyldumynd L



Wonder

Wonder er byggð á verðlaunasoðu R. J. Palacio og segir frá hinum 10 ára Auggie sem vegna Treacher Collins-heilkennisins er afmyndaður í andliti og hefur þess vegna alist upp í verndaðra umhverfi en flestir gera. Nú er hins vegar komið að því að hann fari í bekk í venjulegum skóla. Toppileikarar í sérstaklega vandaðri mynd.

Fjölskyldumynd 6  



Murder on the Orient Express




Hercule Poirot er á leið til Vestur-Evrópu með Austurlandahraðlestinni ásamt fleiri farþegum. Nött eina er einn þeirra myrtur í svefni og þar sem lestin er tept vegna snjóskríðu fær Hercule tíma til að raða saman sönnunargögnum áður en lögreglan kemur um borð. Ein besta Agóthu Christie-morðgátan.

Sakamál/morðgáta 12   



Kingsman: The Golden Circle

Eftir að höfuðstöðvar Kingsman-leyniþjónustunnar í Bretlandi eru sprengdar í tætlur leita þeir Gary „Eggsy“ Unwin og Merlin til bandarísku Statesman-leyniþjónustunnar til að fá aðstoð starfsmanna hennar í baráttunni við hættulegasta óvin mannkyns til þessa, glæpasamtökin Gullna hringinn.

Grinhasar 16   



My Little Pony: Bíómyndin




Lífð í höfuðborg smáhestanna einkennist af gleði, söng, ævintýrum og órjúfanlegum vinaböndum. En þegar hin valdagræðuga og vonda Tempest Shadow ákveður að taka völdin ásamt ófrýnilegum þjónum sínum neyðast smáhestarnir undir forystu prinsessunnar göðu, Skýstar, til að gripa til sinna ráða.

Teiknimynd L



I, Tonya

Kvikmyndin *I, Tonya*, sem án vafa er ein besta mynd ársins 2017, snýst að stórum hluta um þann fræga atburð þegar ráðist var á bandarísku listskautadrottninguna Nancy Kerrigan í ársþrjúun 1994 og tilraun gerð til að fótbrjóta hana. En á bak við það mál voru aðrir málavextir sem fjölmiðlar fjölluðu ekki um.

Sannsgulegt 16   



All Saints




All Saints er áhrifarík mynd sem er kjörin til áhorfs fyrir alla fjölskylduna, jafnt trúðaða sem trúlausa, því þótt sagan snúist vissulega um kirkju og trú er hún samt fyrst og fremst dæmisaga um styrk mannsdands þegar erfðileikar blasa við og um það hverju samheldni getur komið til leiðar.

Fjölskyldumynd L



Accident Man

Accident Man eftir Jesse V. Johnson er glæný mynd sem hefur verið líkt við blöndu af *John Wick*-myndunum og myndum Guys Ritchie eins og *Lock, Stock and Two Smoking Barrels* og *RocknRolla*. Það ætti að segja talsvert en annars gerist sagan í heimi sjó eftir-söttustu leigumörðingja Englands!

Spenna/hasar 16   



GERIR GOTT ENN BETRA



Náttúruleg hráefni



Með sólblómaolíu



Er Eurovision partý
há þér?



Dark Souls Remastered

Endurupplifðu einn besta leik allra tíma í glænýrri og uppfærðri útgáfu. *Dark Souls* var tímamótaleikur sem hafði áhrif á fjölmarga hlutverkaleiki sem á eftir honum komu. Hér hefur hann verið uppfærður í HD-grafík sem keyrir á 60 römmum á sekúndu. Í pakkanum er leikurinn sjálfur og svo aukapakinn *Artorias of the Abyss*.



Tegund: Hlutverkaleikur

Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 16+

Útgáfudagur: 25. maí

Framleiðandi: Bandai Namco

Útgefandi: Sena



Vinkonurnar Michelle Williams og Busy Phillips voru brosmildar þar sem þær mættu saman á frumsýningu myndarinnar *I Feel Pretty* í Los Angeles 17. apríl, en þær leika báðar í henni.



Eva Longoria lét óléttuna ekki aftra sér frá því að vera viðstödd afhjúpun á sinni eigin stjórn í Walk of Fame-gangstéttinni við Hollywood-breiðgötuna. Victoria Beckham samfagnaði.



Hjónin John Krasinski og Emily Blunt voru ekkert nema brosið á fjóröflunarkvöldi tímaritsins Variety 13. apríl, enda hefur mynd þeirra, *A Quiet Place*, gengið ákaflega vel.



Tegund: Ævintýraleikur

Kemur út á: PS4

PEGI aldurstakmark: 18+

Útgáfudagur: 25. maí

Framleiðandi: Sony Interactive Entert.

Útgefandi: Sena

Innihald og möguleikar:

- **Þrjár sögur:** Leikmenn stýra vélmenninum Kōru, Connor og Markus, en þau eru öll ólík innbyrðis og hvert með sína sögu.
- **Þú býrð söguna til:** Allar ákvarðanir leikmanna á hverjum tíma ákvarða ekki aðeins örlög persónanna heldur örlög heillar borgar.
- **Fjölbreytt spilun:** Leikurinn er gríðarlega fjölbreyttur í spilun og þurfa leikmenn að taka að sér margvísleg verkefni eins og að leysa þrautir, rannsaka vettvang glæpa, yfirheyra grunaða og margt fleira.

Detroit: Become Human

Nýjasti ævintýraleikurinn frá Quantic Dream og leikstjóranum David Cage sem gerðu leikina *Heavy Rain* og *Beyond: Two Souls*

Detroit: Become Human gerist í stórborginni Detroit í náinni framtíð. Tæknin hefur tekið stórkostlegum framförum og í borginni eru alls kyns vélmenn farin að verða fyrirferðameiri en nokkurn tíma áður. Leikmenn fara í hlutverk þriggja þeirra sem öll hafa sína sögu og þurfa að finna út úr sínum málum. Leikurinn spílask síðan líkt og *Heavy Rain* þar sem leikmenn hafa val í öllum aðstæðum og aðgerðir þeirra hafa áhrif á útkomuna, enda er handrit hans yfir 2000 síður og nær endalausir möguleikar á því hvernig sagan getur farið.

